

Aðalfundur Rauða kross Íslands
haldinn á Hótel Loftleiðum í Reykjavík
20. maí 2006

Fundur hófst kl. 09.09.

Setningarávarp

Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands

Formaður bauð fundarmenn velkomna og bað þá að rísa úr sætum og minnst með því félagamönnum sem látist hafa á árinu.

Í setningarræðu sinni ræddi formaður um vaxandi velmegun og mikla auðsöfnun í hinum ríkari þjóðfélögum heimsins, en eftir sem áður verða einstaklingar og samfélög fyrir áföllum sem vísa þeim út á hliðarlínu örbyrgðar og erfiðra lífsskilyrða.

Rauði krossinn hefur undanfarin ár búið sig undir aukin verkefni og vaxandi erfiðleika í vissum þáttum starfseminnar.

Ástæður eru margháttáðar. Breytingar á veðurfari, alþjóðavæðingin hefur mörg andlit og leiðir í sumum tilfellum til aukins ójafnvægis. Vaxandi fólksflutningar eru á milli landa og baráttan gegn útbreiðslu alnæmis í fátækum löndum gengur ekki vel. Sífellt erfiðara er að tryggja fólki gott neysluvatn. Allt gerir þetta auknar kröfur til frjálsra félagasamtaka og þá ekki síst Rauða krossins.

Rauðakrossshreyfingin hefur þungar áhyggjur af að mannúðarstarf skuli síendurtekið vera dregið inn í hernaðaraðgerðir, þar sem innrásaraðilar birtast jafnvel sem hjálparliðar þó sú mannúð sé ekki öllum ætluð. Þessi aðferðafræði grefur undan verndarmætti Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Félagasamtökum á mannúðarsviði hefur fjölgað mjög síðustu áratugi, sem leiðir til samkeppni um fjármagn og aukinna krafna um skilvirkni.

Með hugsjónir Rauða krossins að leiðarljósi mun félagið halda vöku sinni og vinna að málum þeirra sem minnst mega sín.

Á morgun verður haldið fyrsta málefnaþing Rauða kross Íslands þar sem þriðja könnun sem gerð hefur verið á því hverjir veikast standa í þjóðfélaginu verður kynnt og með hvaða hætti niðurstöður hennar koma til með að hafa áhrif á endurskoðun á stefnu og áherslum félagsins.

Formaður sagði frá aðalfundi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans sem haldin var í Suður- Kóreu á síðasta ári þar sem samþykktar voru ýmsar viðbætur og breytingar á stefnu Alþjóðsambandsins til 2010.

Rauði kross Íslands er mikilvægur hlekkur í alþjóðlegri hreyfingu sem nær nú til 183 landa. Starfsemi félagsins eflist með hverju árinu með skýrari markmiðum og bættu skipulagi. Sú skylda hvílir á því að kynna og breiða út hugsjónir Rauða krossins og finna leiðir til að hamla gegn fátækt bæði hér heima og erlendis. Íslendingar eru auðugir og aflögufærir og ábyrgðin því mikil.

Viðurkenningar til sjálfbóðaliða og verkefna deilda

Úlfar Hauksson afhenti eftirfarandi sjálfbóðaliðum viðurkenningar vegna starfa sinna í þágu Rauða kross Íslands:

Sigurður Amar Sigurðsson Akranesdeild fékk viðurkenningu fyrir ötult starf vegna stofnunar RANNUM, en hann var fulltrúi Rauða kross Íslands í því samstarfi. Sigurður sat í stjórn Rauða kross Íslands í 8 ár, hann er skyndihjálparleiðbeinandi og sinnir ennþá ýmsum störfum fyrir félagið.

Karl Lúðvíksson Skagafjarðardeild fékk viðurkenningu fyrir ötult starf sem stjórnarmaður og formaður Skagafjarðardeildar í 12 ár Karl er frumkvöðull og forsvarsmáður sumarbúða fyrir fatlaðra á Löngumýri. Hann er leiðbeinandi skyndihjálpar og sálrænum stuðningi. Einnig er Karl höfundur svokallaðs Solferino leiks, sem notið hefur vinsælda á sumarbúðum félagsins.

Auk þess fengu eftirfarandi verkefni viðurkenningu: RANNUM Rannsóknarráð umferðaröryggismála. Það var stofnað af Rauða krossi Íslands, Vegagerðinni og Umferðarráði. Ráðinu var ætlað að rannsaka umferðarslys. Verkefnið fékk viðurkenningu fyrir fyrirmyndar framlag til umferðaröryggismála. Ólafur H. Þórðarson formaður umferðarráðs og Hreinn Haraldsson frá Vegagerðinni veittu viðurkenningunni viðtöku.

Hreinn Halldórsson sagði eftirfarandi: Alþjóða heilbrigðismálastofnunin telur umferðarslys vera eitt af alvarlegustu heilbrigðisvandamálum í heiminum. Í fyrra létust 1,2 milljónir í umferðinni eða 3000 manns á hverjum degi. Í Evrópu létust 127.000 og á Íslandi 19 manns. Baráttan eflist á hverju ári. Rauði krossinn hefur á alþjóðavísu tekið stöðugt meiri þátt í að vernda líf og heilsu fólks. Starf Rauða kross Íslands er til fyrirmyndar í þessum málaflokki. Rauði krossinn á mikinn þátt í stofnun RANNUM árið

2000 og hefur alltaf sýnt málaflokknum áhuga. Hreinn fagnar áframhaldandi samstarfi við Rauða krossinn og vonar að það komist á fast form. Hann þakkar stjórn fyrir að heiðra RANNUM og óskar félaginu allra heilla í framtíðinni.

Konukot: Hóf störf 2004. Tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurbæjar Rauða krossins til tveggja ára. Aðsóknin að Konukoti hefur sýnt og sannað nauðsyn athvarfs af þessu tagi. Stefán Yngvason formaður Reykjavíkurbæjar tók við viðurkenningunni.

Stefán þakkaði fyrir þann heiður sem verkefninu er sýndur. Áður hafði staðið styr um hvort verkefnið væri nauðsynlegt en innan Rauða krossins hefur ríkt samhugur.

Suðurnesjadeild.

Viðurkenning fyrir mikilvægt framlag til neyðarvarna. Hún er oftast kölluð út af öllum deildum, einkum vegna Keflavíkurlflugvallar. Fjöldahjálparstjórar á vegum deildarinnar hafa einnig verið kallaðir til starfa annars staðar á landinu. Neyðarvarnaráætlun deildarinnar var notuð sem fyrirmynd að áætlunum annarra deilda Rauða krossins. Karl Georg Magnússon og Guðmundur Þórir Ingólfsson tóku á móti viðurkenningunni fyrir hönd deildarinnar.

Aðalfundarstörf skv. 6. gr. laga Rauða kross Íslands

- 1. Stjórnin athugaði kjörbréf fulltrúa deilda og lagði fram til úrskurðar fundarins.**
Úlfar Hauksson, formaður Rauða kross Íslands, sagði að mættir væru 91 aðalfundarfulltrúi frá 44 deildum. Fór hann þess á leit við fundarmenn að ekki þyrfti að lesa upp nöfn fundarmanna vegna þess tíma, sem að það tæki og var það samþykkt.
Kjörbréf voru borin undir fundinn og samþykkt.
- 2. Skipun embættismanna fundarins**
Fundarstjóri kosinn: Jóhannes Rúnar Jóhannsson, stjórnarmaður í Hafnarfjarðardeild.
- 3. Fundarritarar kosnir:** *Guðný H. Björnsdóttir, svæðisfulltrúi á Norðurlandi og Jón Brynjar Birgisson, svæðisfulltrúi á höfuðborgarsvæðinu.*
- 4. Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram til umræðu og staðfestingar**

Nanna Jónsdóttir, Reykjavíkurdæld gerði þær athugasemdir við fundargerð að hún hefði verið ranglega feðruð. Einnig benti hún á ritvillu á bls 13, þar sem hún þakkar hlý orð í garð Hjálparsímans þar sem stendur að ekkert gerist að sjálfum sér í stað, að sjálfu sér.

Fundargerð var samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

5. Skýrsla stjórnar Rauða kross Íslands um síðasta starfsár lögð fram til umræðu

Úlfar Hauksson, formaður flutti skýrslu stjórnar.

Frá síðasta aðalfundi hefur stjórnin haldið 12 fundi, auk vinnufunda. Framkvæmdaráð hefur komið saman reglulega á milli stjórnarfunda. Hér á eftir verður farið yfir það helsta.

Lagabreytingar

Með þeim lagabreytingum sem samþykktar voru á síðasta aðalfundi voru lög in færð til samræmis við þær leiðbeiningar sem Alþjóðasambandið hefur gefið út fyrir aðildarfélög sín og ýmis ákvæði verið gerð afdráttarlausari og skýrari en áður var. Þá var kveðið á um að halda skuli málefnaþing annað hvert ár og verður fyrsta málefnaþingið haldið nú á morgun.

Starfsreglur

Í framhaldi af nýjum lögum þótti nauðsynlegt að endurskoða starfsreglur sem gilda um deildir, svæðasamstarf og ungmennastarf. Á formannafundinum í byrjun apríl var farið yfir helstu breytingar og formenn deilda hvattir til að ljúka aðlögun að þessum nýju reglum.

Samningur um sjúkraflutninga

Nýr samningur við ríkisvaldið um sjúkraflutninga var undirritaður í mars sl. Samningurinn hefur í för með sér að kostnaður Rauða krossins af sjúkraflutningum verður mun minni en verið hefur. Gert er ráð fyrir að framlag til félagsins verði 17 milljónir kr. á ári. Þau 7% af kassatekjum sem runnið hafa í sjúkrabílasjóð fara niður í 3% vegna nýja samningsins.

Fyrir þessum aðalfundi liggur breytingartillaga á 18. gr. um tekjuskiptingu til samræmis við þetta. Í henni er gert ráð fyrir að hlutur deilda af kassatekjum aukist, bæði fast framlag óháð íbúafjölda og hlutfall tekna í samræmi við íbúafjölda.

Hafist var handa við að endurskoða starfsreglur sérverkefnasjóðs, sem lagt er til að fái nýtt nafn og verði héðan í frá kallaður Verkefnasjóður. Rætt hefur verið um að miða við ákveðinn lágmarkskostnað verkefna þannig að sótt verði í

sjóðinn vegna viðamikilla verkefna, sem er eðli málsins samkvæmt breytilegt frá einni deild til annarar. Ný stjórn mun halda áfram að fjalla um málið.

Alþjóðlegt hjálparstarf

Aðalfundur Alþjóðasambandsins var haldinn á síðasta ári þar sem komu saman fulltrúar landsfélaga Alþjóðasambandsins og Alþjóðaráðsins. Þar var m.a. annars samþykkt ný aðferð við ákvörðun árgjalda landsfélaga til Alþjóðasambandsins og þar með leyst úr þeim vanda sem fylgdi því að meira en helmingur tekna sambandsins hefur komið frá þremur landsfélögum. Með nýju aðferðinni er byrðunum jafnar dreift og ekki verður jafn afdrifaríkt ef eitthvert landsfélag geldur ekki sinn skerf.

Í lok ársins tók Rauði kross Íslands við forsvari í samstarfi norrænu landsfélaganna, en löndin hafa skipst á að annast þetta verkefni tvö ár í senn. Fyrsti fundur undir stjórn Rauða kross Íslands verður í júní. Helstu verkefni hafa snúist um samstarf félaganna á alþjóðavettvangi. Norrænu félögin hafa lagt sérstaka áherslu á ungmennamál og hafa fulltrúar frá ungmennahreyfingunum tekið þátt í samstarfinu.

Framkvæmdastjórar

Sigrún Árnadóttir lét af störfum sl. haust eftir að hafa verið framkvæmdastjóri félagsins í 12 ár. Nærri 80 umsóknir bárust. Eftir hefðbundið ferli var Kristján Sturluson einróma ráðinn af stjórn félagsins sem framkvæmdastjóri félagsins. Sigrún Árnadóttir er stödd hér á fundinum og var hún beðin að koma upp og taka við smá þakklætisvotti og klöppuðu fundarmenn fyrir henni.

Fjármál félagsins

Stjórn hefur að venju rætt ýmis fjármál félagsins, tekjuöflun og málefni Íslandsspila. Fjármálalegt skipulag er í góðu horfi, en stöðugt er unnið að því að gera gott betra. Nú er í fyrsta skipti lagður fram ársreikningur sem endurspeglar alla starfsemi félagsins, landsskrifstofu, sjúkrabílasjóðs og deilda. Auðveldar þetta að hafa heildaryfirlit yfir umfang starfsins.

Tekjur Íslandsspila hafa heldur farið vaxandi að undanfögnu, en eins og við vitum er þessi tekjuöflun ekki óumdeild. Það hefur því verið stefnt að því að minnka mikilvægi þessara tekna og nokkuð miðað. Eins og fram hefur komið hefur mannúðarsamtökum fjölgað og samkeppnin aukist. Samruni fyrirtækja og sameiginlegt eignarhald á öðrum fyrirtækjum mun hafa áhrif á möguleika félagasamtaka til að afla tekna á þessum samkeppnismarkaði.

Starfið almennt

Árið 2005 var viðburðaríkt bæði hér heima og erlendis. Erlenðis voru fyrirferðamest viðureignin við alnæmisvandann og uppbyggingu Rauða kross félaga í sunnanverðri Afríku. Hjalparstarf vegna gríðarlegra flóða og jarðskjálfta í Asíu. Aldrei hafa verið jafn margir sendifulltrúar að störfum á vegum Rauða kross Íslands, en þeir voru 33 í 40 verkefnum.

Hér heima hefur hjalparstarf á vegum deilda félagsins orðið sífellt öflugra. Má þar nefna stuðning við geðfatlaða og aðstandendur þeirra. Heimsóknþjónustan eflist stöðugt. Á síðasta ári hófust námskeið fyrir aðstandendur geðfatlaðra sem greinilega mættu brýnni þörf. Í framhaldinu voru stofnaðir sjálfshjalparhópar aðstandenda víða um land. Það sama má segja um heimsóknþjónustu, ef áætlanir deilda ganga eftir munu 35 deildir bjóða upp á þessa þjónustu í lok árs.

Neyðarvarnir hafa skipað stóran sess og er það samdóma álit þeirra sem til þekkja og þá ekki sist samstarfsaðila okkar að sjálfboðaliðar Rauða krossins hafi staðið sig afar vel í þeim æfingum sem fram fóru á árinu. Hér hefur verið vel að verki staðið sem ber að þakka.

Hjálparsíminn tók við 16 þúsund símtölum á árinu. Hann er augljóst dæmi um verkefni sem þörf er fyrir. Hann er vistaður hjá Reykjavíkurbeld en allar deildir leggja sitt til verkefnisins og standa heilshugar á bak við þetta verkefni.

Ungmennahreyfing Rauða kross Íslands er á tímamótum. Verið er að huga að innra starfi og kynningu í deildum. Það er nauðsynlegt fyrir okkur að standa vel við bakið á þeirri viðleitni og tryggja málaflokknum gott gengi.

Fundarstjóri kallaði eftir umræðum um skýrslu stjórnar en enginn (nema ungabarn sem grét sáran og vék af fundi) tjáði sig um skýrslu stjórnar.

6. Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs voru lagðir fram til umræðu og atkvæðagreiðslu

Pálin Dögg Helgadóttir stjórnarmaður í Rauða krossi Íslands lagði fram reikninga félagsins og skýrði þá.

Þessi ársreikningur markar tímamót því þetta er í fyrsta sinn sem lagður er fram samstæðureikningur fyrir félagið í heild sem gefur glögga mynd af starfsemi. Reikningurinn hefur verið yfirfarinn af félagskjörnum skoðunarmönnum og endurskoðaður af KPMG.

Heildartekjur félagsins árið 2005 voru 1.023.707 þúsund krónur, þar af námu tekjur af söfnunarkössum Íslandsspila 529.164 þúsundum króna. Tekjur hafa lækkað á milli ára sem skýrist af sölu sjúkrahótelsins að Rauðararástíg 18 árið 2004.

Frjáls framlög hafa hins vegar hækkað mikið og skýrist það af söfnunum vegna hamfaranna í Indlandshafi og Pakistan.

Rekstrarafgangur Rauða kross Íslands árið 2005 nam liðlega 39 milljónum króna á móti tæplega 311 milljóna króna hagnaði frá árinu 2004.

Fyrirspurnir voru engar. Samstæðureikningur var samþykktur samhljóða.

Kaffihlé

Fundarstjóri fór fram á að leggja fjárhags- og framkvæmdaáætlun ársins 2005 fram saman til umræðu. Fundarmenn samþykktu það.

7. Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta reikningsárs lögð fram til umræðu

Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir áætluninni.

Þakkaði hann fyrir það traust sem hann nýtur við að gegna framkvæmdastjórastöðu Rauða kross Íslands.

Fjárhagsáætlun

Gert er ráð fyrir að tekjur dragist saman. Heildartekjur ársins 2005 voru um 1 milljarður og 72 milljónir króna. Áætlaðar tekjur þessa árs nema liðlega 786 milljónum króna. Áætlaðar kassatekjur nema 530 milljónum og eru það svipaðar tekjur og voru á sl. ári.

Innheimtar tekjur vegna sjúkraflutninga lækka. Millistofnanaflutningar hafa verið þungur baggi, einkum fyrir minni heilbrigðisstofnanir úti á landi. Tekjur af fasteignum falla út.

Göngum til góðs er stærsta fjáröflunarverkefnið. Innanlandsverkefnið verða í svipuðum dúr og á síðasta ári. Lægri upphæð til alþjóðaverkefna endurspeglar af minni framlögum og vega þar þyngst safnanir vegna flóðbylgjunnar í Indlandshafi og jarðskjálftans í Pakistan.

Framkvæmdaáætlunin

Þessi framkvæmdaáætlun endurspeglar stefnu félagsins sem samþykkt var á aðalfundi árið 2003 ásamt öðrum stefnumótandi samþykktum aðalfunda og

stjórnar. Á undanförunum árum hefur verið reynt að láta framkvæmdaáætlun koma sem mest til móts við þarfir deilda.

Grundvallarmarkmiðin

Í framkvæmdaáætlun fyrir árið 2006 verður áhersla félagsins um að standa vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga gerð sýnilegri. Þetta er gert undir slagorðinu “Byggjum betra samfélag” þar sem áherslur í málsvarastarfi félagsins verða kynntar og verður stefnt að því að nýta skólafræðsluna til að kynna hugsjónir hreyfingarinnar.

Neyðarvarnir

Um árabíl hafa deildir Rauða kross Íslands veitt fólki stuðning sem lent hefur í skyndilegum áföllum eða á við viðvarandi vanda að stríða. Hafa deildir kallað eftir leiðbeiningum frá landsskrifstofu um hvenær og hvernig eigi að aðstoða fólk sem leitar til þeirra í fjárhagserfiðleikum. Árið 2004 voru gefnar út verklagsreglur um aðstoð utan almannavarnarskipulags. Áætlað er að halda fjöldahjálparstjórnarnámskeið á öllum svæðum og allar deildir ætla að uppfæra neyðarvarnaráætlun sína. Samstarf við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur aukist og eru gerðar kröfur til félagsins um þátttöku í æfingum og viðbragðsáætlunum.

Alþjóðleg neyðaraðstoð Rauða kross hreyfingarinnar mótast hverju sinni af því ástandi sem ríkir í heiminum. Fjölmiðlar beina oft athyglinni meira að vopnuðum átökum, ofbeldi og náttúruhamförum, minna ber á þeirri neyð sem skapast af langvarandi fátækt og viðvarandi óöryggi. Óskýrari mörk eru á milli neyðaraðstoðar og þróunaraðstoðar og gerir það kröfur á aukna samvinnu Alþjóðaráðs og Alþjóðasambandsins og tvíhliða verkefni landsfélaga aukast.

Deildir verða sem fyrr öflugar í því að halda námskeið til að breiða út þekkingu í skyndihjálpi. Boðið verður upp á leiðbeinendanámskeið í skyndihjálpi. Ný námskeið eru í boði fyrir starfsfólk skóla sem eru sambland af skyndihjálpi og sálrænum stuðningi. Unnið verður eftir samningi við ríkið um sjúkraflutninga.

Neyðaraðstoð erlendis. Verður með sama hætti og áður. Sendifulltrúar og fjárframlög. Stefnt að því að auka samstarf við stjórnvöld og önnur landsfélög varðandi neyðaraðstoð. Stefnt er að því að komast í sjóði ESB. Flestar deildir gera ráð fyrir beiðnum frá landsskrifstofu og taka þátt í fatasöfnun, Nokkrar deildir taka þátt í verkefninu “Föt sem framlag”.

Afrakstri söfnunarinnar „Göngum til góðs” verður varið til aðstoðar börnum sem eiga um sárt að binda vegna alnæmisvandans í sunnanverðri Afríku.

Heilbrigði og umönnun

Á árinu verða markhópar félagsins á þessu sviði þeir sömu og undanfarin ár. Þær áherslur byggja á landskönnuninni frá árinu 2000 „Hvar þrengir að“. Á málþinginu á morgun verða svo kynntar niðurstöður könnunarinnar sem unnin hefur verið nú í vetur.

Mikil aukning er í heimsóknþjónustu hjá deildum en í dag bjóða 18 deildir þessa þjónustu og 17 deildir eru að undirbúa slíka þjónustu. Allar deildir taka þátt í rekstri Hjálparsímans. Þrjár deildir reka athvörf fyrir geðfatlaða.

Haldin voru 9 námskeið fyrir aðstandendur geðfatlaðra í samvinnu við Landlæknisembættið, Geðhjáp og Geðrækt. Þessi námskeið voru vel sótt og greinilega verið að bregðast við mikilli þörf. Rekstur Vinjar verður með svipuðum hætti. Hjálparsíminn mætir greinilegri þörf, en að meðaltali eru um 50 símtöl á dag.

Þróunarsamvinna beinist áfram að landsfélögum í Afríku. Afnæmisverkefni í Malaví, Mósambík og Suður-Afríku, ásamt heilbrigðisverkefni í Mósambík. Einnig eru styrkt verkefni tengd börnum í stríði í Síerra Leone og Palestínu. Markvisst er unnið að því að færa vinadeildasamstarf frá Evrópu til Afríku. Sendifulltrúar í þróunarverkefnum verða þjálfaðir með það að markmiði að tvíhliða verkefni aukist.

Aðstoð við börn og ungmenni. Rauði krossinn kemur víða að rekstri ungmennahúsa. Landsskrifstofan miðlar öllum þeim góðu hugmyndum sem eru hjá einstökum deildum og svæðum til annarra og leitast við að aðstoða deildir við að koma á fót starfi með börnum og ungmennum.

Starf með fólki af erlendum uppruna. Á árinu ætla 15 deildir að veita fólki af erlendum uppruna stuðning m.a. með námskeiðum og aðstoða erlend börn við heimanám. „Vegvísir að aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi“ er verkefni sem er nýlokið við að gera og er gott vinnuþagg til frekara starfs. Áfram verður boðið upp á réttargæslu fyrir hælisleitendur og gert er ráð fyrir móttöku flóttamanna í ár. Deildir koma að framkvæmd þjóðahátíða.

Innra starf

Á árinu 2006 er ráðgert að halda áfram uppbyggingu sjálfbodins starfs félagsins. Áhersla á að samræma verklag. Komið verður á innri vef þar sem sjálfbodaliðar geta sótt sér upplýsingar. Boðið verður upp á Grunn- og Deildanámskeið fyrir stjórnarfólk og sjálfbodaliða. Deildir verði aðstoðaðar við að koma á starfi með börnum og ungmennum. Ný handbók um ungmennastarf sem

lokið er við að gera verði send út til deilda í næstu viku. Þar er að finna m.a. leiðbeiningar og upplýsingar um ábyrgð sem því fylgir.

Upplýsingar. Hjálpin mun koma út í haust í kringum söfnunina og verður þá einnig stefnt á öflug samskipti við fjölmiðla. Ný uppsetning og útlit á vefnum verður kynnt í haust.

Fyrsti samstæðureikningurinn lítur dagsins ljós og gefur hann glögga mynd af starfseminni í heild. Um næstu áramót munu stærstu deildirnar fara að færa bókhald sitt beint í „Agresso” kerfið.

Áfram verður lögð áhersla á að bregðast við neyð með skyndisöfnunum. Markviss viðleitni er að fá fyrirtæki til að styðja við Rauða krossinn með reglubundnum framlögum. Lögð er áhersla á innleiðingu verkefnastjórnunar og þróunar á mælikvörðum.

Í júní verður líklega haldin stutt Alþjóðaráðstefna Rauða krossins og Rauða hálfmánans í Genf þar sem tekið verður upp þriðja merkið fyrir hreyfinguna, Rauði kristallinn.

Nýjar fjáröflunarleiðir verða athugaðar. Gengið verður til góðs í haust. Afrakstur söfnunarinnar fer til barna sem eru fórnarlömb alnæmis í Suðurhluta Afríku. Göngum til góðs er verkefni sem skiptir miklu máli að allir starfi saman í og geri félagið þannig sýnilegt. Markmiðið er að safna peningum en þetta á líka að vera gaman. Málstaðurinn er góður, sá gefur sem gengur.

Umræður um fjárhags- og framkvæmdaáætlun:

Bóra Kristín Ásgeirsdóttir, fagnar því sem kemur fram undir liðnum 4.2, að haldið verði áfram með sumarbúðarekstur í Þórsmörk. Ánægð að sjá þetta á blaði.

Gunnar Rögnvaldsson, Skagafjarðardeild vakti máls á því að í Skagafirði og sjálfsagt víðar um land yrðu göngur þessa helgi sem söfnunin Göngum til góðs verður. Það gæti haft áhrif, en að sjálfsögðu væri hægt að mæta með baukinn í réttirnar.

Ketill Hallgrímsson, Reyðarfjarðardeild spurði hvers vegna fuglaflensuverkefninu hafi verið frestað, hvort menn héldu að hún væri hætt við að koma?

Anna Þrúður Þorkelsdóttir, þakkaði fyrir að vera boðið til fundarins og glæsilega skýrslu formanns og metnaðarfulla áætlun. Hún staldraði við þá staðreynd að eignir séu komnar á þriðja milljarð, og finnst að þar sé félagið komið út á jarðsprengjussvæði. Hvatti hún til að farið yrði út í stórt verkefni til að lækka kúfinn.

Einar Óli Fossdal, A- Húnavatnssýsludeild vildi fá skýringu á því að á sama tíma og hlutur Rauða krossins minnkar í sjúkraflutningum, eykst kostnaður.

Kristján Sturluson, svaraði fyrirspyrjendum: Á þeim tíma þegar framkvæmdaáætlunin var unnin lá ekki fyrir annað en að sumarbúðir yrðu haldnar í Þórsmörk. Verkefnið hefur síðustu ár verið í umsjón tveggja svæða. Þau hefðu tekið ákvörðun um að hætta rekstri sumarbúðanna en ef ákveðið hefði verið að halda rekstri þeirra áfram, hefði verið stutt við verkefnið.

Hvað varðar tímasetningu á söfnuninni Göngum til góðs og að hún hitti á göngur hjá bændum: Menn hafa þegar bent á þessa staðreynd en það er sama hvaða dagur er valinn það er alltaf eitthvað sem kemur upp á. Síðast ætluðu íþróttafélögin að ganga en þegar nær dró þá var uppskeruhátíð íþróttafélaganna þannig að minna varð um efndir. Ef til vill er lausnin að fara með baukinn í réttirnar, eins og Gunnar hefur bent á. Ef til vill fær félagið innleggsloforð hjá bændum.

Ekki hafa fengist skýringar frá hlutaðeigandi á því hvers vegna farsóttarverkefninu hefur verið frestað. Það var tekin ákvörðun um að hægja á undirbúningi áætlunarinnar. Ef til vill hófst vinnan of seint. Auk þess hefur viðbúnaðarstig verið lækkað þar sem aðeins hefur fundist eitt tilvik í Bretlandi.

Hækkun vegna sjúkraflutninga kemur m.a. til af því að fleiri bílar eru keyptir nú en í fyrra vegna útboða. Það er alltaf einhver sveifla á milli ára. Einnig hefur kostnaður hækkað vegna eldsneytishækkana. Tekið var tillit til þessa í samningunum við ríkið.

Umræðum lokið um fjárhags- og framkvæmdaáætlun.

Áætlunin borin upp og samþykkt.

8. Lagabreytingar

Fundarstjóri hvatti fundarmenn til að drekka vatnið í flöskunum sem væri á borðunum. Þessar vatnsflöskur hefðu verið gefnar félaginu og skilagjaldið af þeim væri fjáröflun fyrir félagið.

Úlfar Hauksson, formaður lagði fram tillögur til breytinga á 18. gr. laga Rauða kross Íslands, sem kveður á um ráðstöfun tekna félagsins. Þessari grein var ekki breytt við umfangsmiklar lagabreytingar á síðasta ári þar sem fyrir lágu breytingar á samningi við heilbrigðisráðuneytið um sjúkraflutninga.

Lagt er til að tekjuskipting í lögum Rauða kross Íslands verði eftirfarandi og taki gildi 1. janúar 2007:

18. gr. Ráðstöfun tekna og fleira

Tekjur Rauða kross Íslands frá Íslandsspilum skulu skiptast þannig: 5,5% skiptast jafnt milli allra deilda, 26,5% miðað við íbúafjölda á starfssvæði deildarinnar, 40% renna í sameiginlegan kostnað, 3% í Sjúkrabílasjóð, 5% í Verkefnasjóð og 20% í Hjálparsjóð.

Við sameiningu deilda skal hin nýja deild halda sömu tekjum og hinar sameinuðu deildir hefðu haft næstu 36 mánuðina eftir sameiningu.

Árgjöld félaga í Rauða krossi Íslands renna óskipt til viðkomandi deilda að frádregnum innheimtukostnaði.

Standi deild ekki skil á ársreikningi og skýrslu um störf sín ásamt framkvæmda- og fjárhagsáætlun getur stjórn Rauða kross Íslands stöðvað greiðslur til hennar.

Einnig getur stjórn Rauða kross Íslands stöðvað greiðslur til deildar ef hún í ársbyrjun á peningalegar eignir sem nema tveggja ára hlutdeild hennar í tekjum félagsins frá Íslandsspilum og ekki er gerð grein fyrir notkun þess fjármagns í framkvæmda- og fjárhagsáætlun. Þeir fjármunir sem af ofangreindum ástæðum renna ekki beint til deildar skal úthluta til svæðisráðs á starfssvæði deildarinnar til eflingar svæðisstarfs. Verði afgangur af svæðasjóðum þessum að loknu starfsári, og hafi honum ekki verið ráðstafað til verkefna, rennur hann í Verkefnasjóð.

Deild getur ekki skuldbundið sig fjárhagslega fyrir hærri upphæð en sem nemur hlutdeild hennar í tekjum félagsins frá Íslandsspilum á síðastliðnum tveimur árum, nema með samþykki stjórnar Rauða kross Íslands.

Stjórn Rauða kross Íslands skal setja reglur um hlutverk Hjálparsjóðs og Verkefnasjóðs og úthluta úr þeim.

Þór Gíslason formaður sérverkefnasjóðs gerði grein fyrir fyrirhuguðum breytingum á reglum um (sér)verkefnasjóð. Við þær lagabreytingar sem þessi tillaga felur í sér mun framlag í Verkefnasjóð hækka úr 4% í 5% af kassatekjum. Meginhlutverk verður að gera deildum kleift að vera í stærri verkefnum og munu þau verkefni sem tilgreind eru hverju sinni sem átaksverkefni njóta forgangs. Verkefni sem varða kaup á húsnæði og búnaði munu ekki eiga forgang. Úthlutað verður sem fyrr einu sinni á ári og þurfa umsóknir að hafa borist sjóðnum í september en úthlutað verður í október. Deildir geta því gert

raunhæfari fjárhags- og framkvæmdaáætlanir. Þar er víkkuð skilgreining á þeim verkefnum sem hægt er að úthluta til. Til að verkefni sé styrkhæft úr Verkefnasjóði þarf áætlaður kostnaður verkefnis, annað hvort að nema að lágmarki 15% af kassatekjum viðkomandi deildar eða kosta að lágmarki eina milljón. Styrkur úr Verkefnasjóði getur aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af kostnaði verkefnis og hver deild getur aldrei fengið hærri styrk en sem nemur fimmtungi af heildarfjáræð sjóðsins.

Engar umræður urðu um lagabreytinguna.
Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

Hádegisverður

9. Kosning formanns samkvæmt 7. gr.

Torben Friðriksson, formaður kjörstjórnar flutti tillögu kjörnefndar.

Núverandi formaður Úlfar Hauksson gefur ekki kost á sér til endurkjörs, en hann hefur setið í stjórn félagsins í 11 ár, þar af 4 ár sem formaður.

Tillaga kjörnefndar er að Ómar Hlynur Kristmundsson, Reykjavík, verði kjörinn formaður Rauða kross Íslands til næstu tveggja ára.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10. Kosning 5 stjórnarmanna samkvæmt 7. gr.

Torben Friðriksson, formaður kjörstjórnar flutti tillögu kjörnefndar.

Stjórnarmenn sem lokið hafa tveggja ára kjörtímabili sínu í stjórn eru:

Anna Stefánsdóttir

Kristján Sturluson (hætti í stjórn haustið 2005)

Ólafur Ólafsson

Ómar H. Kristmundsson

Úlfar Hauksson

Þórdís Magnúsdóttir

Þær Anna og Þórdís gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og leggur kjörnefnd til að þær verði endurkjörnar. Nefndin leggur enn fremur til að

Esther Brune Fáskrúðsfirði,

Gunnar Frímannsson Akureyri og

Sigríður Magnúsdóttir Öndarfirði,

verði kjörin í stjórn félagsins til næstu tveggja ára.

Tillagan var samþykkt samhljóða og teljast þau réttkjörin í stjórn til næstu tveggja ára.

Nýkjörinn formaður bað um orðið og sagði m.a. að það hafi verið mikilvægur hluti af lífi sínu að vinna fyrir Rauða krossinn og að þeim sígildu markmiðum

sem hreyfingin standi fyrir. Óneitanlega feli þetta hlutverk í sér meiri áskorun en þau sem hann hafi áður unnið og hann voni að hann verði traustsins verður. Það eru krefjandi verkefni framundan en vonandi skemmtileg s.s. endurskoðun á stefnu félagsins og þau verkefni sem koma í kjölfar málþings á morgun. Hann sagðist hlakka til að vinna að þessum verkefnum ásamt starfsfólki og sjálfboðaliðum hreyfingarinnar.

11. Kosning tveggja skoðunarmanna

Torben Friðriksson, formaður kjörstjórnar flutti tillögu kjörnefndar.

Ingunn Egilsdóttir gefur ekki kost á sér áfram sem skoðunarmaður.

Tillaga kjörnefndar er að Ólafur Reimar Gunnarsson og Jón Kr. Sólnes verði kosnir skoðunarmenn til eins árs.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Umræður um helstu stefnumál og markmið

Anna Stefánsdóttir, stjórnarmaður notaði tækifærið og óskaði nýkjörnum formanni og stjórnarmönnum til hamingju með kjörið. Að því búnu flutti hún tillögu er varðar

- Endurskoðun stefnu félagsins-

Tillaga til aðalfundar Rauða kross Íslands 20 maí 2006:

Aðalfundur Rauða kross Íslands árið 2006 felur stjórn félagsins að gangast fyrir endurskoðun á stefnunni sem samþykkt var á aðalfundi 2003 sbr. ályktun fundarins um það efni. Stjórninni er falið að leggja fram tillögu um endurskoðaða stefnu á næsta aðalfundi félagsins í maí 2007.

Enginn tók til máls undir liðnum og tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu. Hún var samþykkt samhljóða.

14. Önnur mál

Enginn tók til máls undir liðnum önnur mál.

Fundarslit

Fráfarandi formaður, Úlfar Hauksson óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og sagði að til liðs við stjórnina kæmi fólk sem hann þekkti af góðu.

Hann þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum þeim Ólafi Ólafssyni og Kristjáni Sturlusyni, sem tók við stöðu framkvæmdastjóra félagsins á kjörtímabilinu, fyrir samstarfið og afhenti Kristjáni blómvönd í þakklætisskini. Ingunni Egilsdóttur sem verið hefur skoðunarmaður frá 1988 þakkaði hann starf í þágu félagsins. Hún var ekki viðstödd en henni verður sendur blómvöndur.

Ómar Kristmundsson þakkaði Úlfari fyrir hönd stjórnar farsæl stjórnarstörf og formennsku og afhenti honum þakklætisvott fyrir.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum átakalítinn fund.

Að lokum sagðist Úlfar Hauksson vera þakklátur fyrir að hafa fengið að starfa með félaginu. Hann kvaðst hafa starfað með Akureyrardeild frá 1978. Hans fyrsta verkefni var að aðstoða við uppsetningu neyðarvarnakerfis á Akureyri. Starf með Rauða krossinum má líkja við vírus sem erfitt sé að losna við. Hann sagðist vera þakklátur fyrir að hafa fengið að vera formaður félags sem nýtur jafn mikillar virðingar samfélagsins og Rauði krossinn gerir. Stjórnarfólki var þakkað samstarfið. Starfsfólki félagsins var þökkuð frábær samvinna og umburðarlyndi. Það væri ekkert auðvelt að vinna með stjórnarfólki sem væru sjálfboðaliðar því þeim fylgdu oft alls kyns tiktúrur. Sérstaklega þakkaði hann Sigrúnu Árnadóttur og Kristjáni Sturlusyni fyrir hnökralaust og gefandi samstarf.

Hann óskaði Rauða krossi Íslands gæfu og gengis í mikilvægum störfum félagsins og þakkaði fundarmönnum helst til of þrúðan og stilltan fund.

Hann vonaðist til þess að sjá sem flesta á málþinginu á morgun. Hann þakkaði fundarstjóra, fyrir mesta „express-fund“ í seinni tíma, og starfsmönnum fundarins fyrir sín störf.

Aðalfundi Rauða kross Íslands var slitið kl. 13.53.

Kvöldverður og skemmtun í Víkingasal Hótels Loftleiða

Þingskjöl lögð fram á fundinum:

- Fundargerð síðasta aðalfundar
- Endurskoðaðir reikningar síðasta reikningsárs
- Rekstraráætlun ársins 2006
- Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2006